

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland hf. Marini Færánleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	29.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. Marini	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhella 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Sigþór Sigurðsson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steingrímur Bragason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávik er enn opio og snýr að skráningum í samræmi við gr. 3.3 og 4.1

Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirlitinu.

- Vantar stöðuleyfi (gr. 1.2 og 3.11)

- Vantar áætlun um ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning stöðvarinnar (gr. 1.5)

- Vantar ársyfirlit með samantekt á niðurstöðum skráninga og mælinga fyrir undangengið ár (gr. 4.5)

Þrjár ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Steingrímur Bragason og Heimir Hafliðason frá Colas Ísland hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Farið var í reglubundið eftirlit með færánlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. – Marini. Stöðin er staðsett á Keflavíkurflugvelli. Starfsleyfið er frá desember 2020 og gildir til 2036. Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnkerfi og úttektir vottunaraðila framkvæmdar í samræmi við það. Umhverfisstefna rekstraraðila er birt á heimasíðu fyrirtækisins.

Dagskrá:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa stöðvarinnar í útblæstri
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 10. desember 2020
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Stöðin er með nýtt starfsleyfi en hefur lítið verið notuð undanfarin ár en nú er unnið við malbikun akbrauta fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli.

Í starfsleyfi stöðvarinnar er krafa um að hún hafi stöðuleyfi og skal senda Umhverfisstofnun afrit af stöðuleyfinu (sjá gr. 1.2 og 3.11 í starfsleyfinu). Stöðuleyfi stöðvarinnar rann út 30. mars 2021 og Umhverfisstofnun veit ekki til þess að það hafi verið endurnýjað aftur. Rekstur stöðvarinnar án stöðuleyfis er frávik frá kröfum í starfsleyfi, gr. 1.2 og 3.11. Rekstraaðili ætlað að sækja um endurnýjun á stöðuleyfi stöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

2. Fimm olíugeymar eru við stöðina. Tveir bikgeymar og þrír gasolíugeymar. Rekstraraðili tók að sér að yfirfara skráningar á geymunum og koma upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

3. Farið var yfir kröfur starfsleyfisins og gögn sem þurfa að liggja fyrir. Skriflegar áætlunar voru skoðaðar. Ný áætlun um ráðstafanir sem gera þarf fyrir næsta flutning stöðvarinnar lá ekki fyrir. Rekstraraðili mun senda tilbúna áætlun til eftirlitsaðila. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi, gr. 1.5. Farið var fram á að uppfærð áætlun um rekstur og viðhald hreinsibúnaðar sé send eftirlitsaðila. Bæta þarf skráninga á eftirliti með rifnum pokum og ryki í útblæstri. Fráviki sem skráð var 2018 verður lokað þegar sýnt hefur verið fram á að skráningar séu í samræmi við áætlun þar að lútandi.

Niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið voru skoðaðar og bornar saman við losunarmörk fyrir verksmiðjuna. Mælingar í útblæstri voru gerðar árin 2018 og 2019 en ekki eftir það. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.5. Stöðin var ekki í notkun í nokkur ár en hefur nú verið í gangi síðan í vor. Farið er fram á að niðurstöður mælinga í útblæstri séu sendar eftirlitsaðila. Ekki eru gerðar athugasemdir við niðurstöður hljóðmælinga. Ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar liggur fyrir. Farið var yfir fyrrkomulag við meðhöndlun úrgangs og skráningar sem kröfur eru um. Stefnt er að rafrænni skráningu í miðlægan gagnagrunn félagsins.

Ársyfirlit stöðvarinnar með samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga hefur ekki borist fyrir árið 2021. Krafa um ársyfirlit er í grein 4.5 í starfsleyfi. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 er malbikunarstöðvum með færánlega staðsetningu ekki gert að færa grænt bókhald.

4. Umhverfisstofnun ákvarðar tíðni eftirlita hjá rekstraraðilum út frá umhverfisáhættu sem metin er í hverju eftirliti. Þar

sem matið byggir á samanburði á malbikunarstöðvum landsins þá liggur tíðni eftirlita hjá Marini-stöðinni ekki fyrir fyrr en farið hefur verið í öll eftirlit ársins.

5. Skoðaðir voru efnishaugar á svæðinu og almenn umgengni. Engar athugasemdir voru gerðar.

Fram kom hjá fulltrúum rekstraraðila að rekstur stöðvarinnar hefur gengið vel og engin menganarslys né óhöpp orðið. Farið er fram á að tryggingarskíteini vegna bráðamengunartryggingar sé sent eftirlitaðila. Ekki hefur komið fram á trygginarskíteinum hverja af sex malbikunarstöðvum Colas væri verið að tryggja eða hvort tryggingin næði til allra stöðvanna. Rekstraraðila var bent á að fá greinarbetri tryggingarskíteini frá söluaðila tryggingarinnar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæðum í greinum 1.2 og 3.11 í starfsleyfi. Krafist er stöðuleyfis eða skriflegs samþykkis viðkomandi landeiganda og sveitarfélags. Senda skal Umhverfisstofnun afrit af stöðuleyfi um leið og það liggur fyrir.

ákvæði í grein 1.5 í starfsleyfi.

Þegar framleiðsla malbiks hefst á hverjum stað skal gera áætlun yfir ráðstafanir sem gera þarf fyrir næsta flutning stöðvarinnar til þess að ganga frá úrgangi, eftum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi.
Áætlunin skal borin undir Umhverfisstofnun.

ákvæði í grein 4.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga skv. gr. 4.2

ÁBENDINGAR

Senda yfirfarinn lista um olíugeyma í stöðinni (gr. 1.2)

Senda tryggingarskíteini ábyrgðartryggingar vegna bráðamengunar (gr. 2.8)

Senda uppfærða áætlun um rekstur og viðhald hreinsibúnaðar (gr. 3.3).

Senda árlegar niðurstöður mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum (gr. 4.2)


ANNAÐ

Eldra frávik (2018) um að bæta skráningar með rifnum pokum og ryki í útblæstri (gr. 4.1). Sjá áætlun um rekstur og vöktun hreinibúnaðar (gr. 3.3)

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.09.2022


Gottskálk Friðgeirsson